

Áfangalýsing – Íslenska



Framhaldsskóli

Menntaskóli Borgarfjarðar

Námsgrein/ Lýsandi nafn á áfanga

ÍSL204 – Bókmenntir, mál- og menningarsaga

Fjöldi framhaldsskólaeininga (fein)

6 fein

Undanfari

ÍSI 103

Lýsing á efni áfangans:

Í þessum áfanga er fjallað um sögu tungumálsins, uppruna þess og þróun. Nemendur kynnst norrænni goðafræði og hugmyndaheimi norrænna manna til forna. Nemendur fá þjálfun í munnlegri tjáningu og ritun. Áhersla er lögð á að nemendur þekki og tileinki sér réttar aðferðir við meðferð heimilda og að þeir þjálfist í notkun upplýsingatækni við flutning og frágang verkefna.

Kennslugögn:

- *Guðirnir okkar gömlu ásamt Snorra-Eddu*, höfundar Sölvi Sveinsson og Guðrún Nordal.
- *Tungutak*. Málsaga handa framhaldsskólum, höfundar Ásdís Arnalds, Elínborg Ragnarsdóttir og Sólveig Einarsdóttir.
- *Handbók um ritun og frágang*, höfundar Þórunn Blöndal og Ingibjörg Axelsdóttir
- Kjörbók - valin í samráði við kennara.
- Efni frá kennara

Námsmat:

Námsmat í þessum áfanga byggir aðallega á verkefnum bæði munnlegum og skriflegum. Einnig verða lögð fyrir tvö próf, annars vegar úr Snorra-Eddu og hins vegar úr málsögu. Heimildaritgerð úr efni Snorra-Eddu er veigamikill þáttur í námsmatinu sem og kjörbókarritgerð.

Lokamarkmið áfanga:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á :

- sögu íslenskrar tungu frá upphafi til okkar daga, helstu einkennum og tengslum hennar við önnur tungumál
- fornum hugmyndaheimi norrænna manna, helstu goðum og sögum af þeim
- meginatriðum íslenskrar málstefnu og velti fyrir sér orðasmíð og merkingu orða og orðasambanda
- grundvallaratriðum hljóðfræðinnar og helstu mállýskum á Íslandi
- íslenskum nafnasiðum
- meðferð tilvísana og tilvitnana við gerð heimildaritgerðar
- mikilvægi rétttrar meðferðar heimilda

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa heimildaritgerð eftir settum reglum
- vitna í heimildir á viðeigandi hátt og skrá þær
- nýta sér ólíkar tegundir heimilda, vinna úr þeim og umgangast þær á viðeigandi hátt
- nota bókmenntahugtök á markvissan hátt s.s. sjónarhorn, persónusköpun, tíma, umhverfi og stílbrögð
- lesa sér til gangs og gamans ólíkar tegundir bókmenntatexta og fjalla um inntak þeirra
- setja mál sitt fram á skipulegan hátt, bæði munnlega og skriflega

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- mynda sér skoðun á þeim textum sem lesnir eru og færni í að færa rök fyrir máli sínu
- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið og sýna fjölbreytta málnokun
- tileinka sér skipuleg vinnubrögð við vinnu heimildaritgerða
- vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra á gagnrýninn hátt
- túlka texta þótt merkingin sé ekki alltaf augljós
- tjá afstöðu sína og efasemdir um viðfangsefnið og komast að niðurstöðu